

## REGLUGERÐ

### um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1981.

#### 1. gr.

Skuttogurum með aflvél 900 hestöfl og stærri og togskipum, sem eru 39 metrar og lengri, eru bannaðar þorskveiðar sem hér segir:

1. Í 45 daga samtals á tímabilinu 1. janúar—30. apríl 1981 og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a. m. k. 20 daga á tímabilinu 1. janúar—28. febrúar.
2. Í 65 daga samtals á tímabilinu 1. maí—31. ágúst 1981 og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a. m. k. 40 daga á tímabilinu 1. júlí—31. ágúst.
3. Í 40 daga samtals á tímabilinu 1. september—31. desember 1981.

#### 2. gr.

Útgerðaraðilar ráða tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 1. gr. en þó skal hvert skip láta af þorskveiðum eigi skemur en 4 daga í senn.

Tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 1. gr. skal tilkynnt sjávarútvegsráðuneytinu, áður en hún hefst hverju sinni. Verði slíkar áætlanir ekki láttnar í té, getur ráðuneytið ákveðið, hvenær vviðkomandi togarar, skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytis, ef þeir vilja breyta þeim.

#### 3. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorskveiðum hverju sinni gilda eftirfarandi reglur:

1. Upphaf tímabils miðast við þann tíma, er skip kemur í höfn til löndunar afla úr síðustu veiðiferð fyrir tímabilið.
2. Lok tímabilsins miðast við þann tíma, er skipið heldur til þorskveiða á ný.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis og reynist þorskur yfir leyfilegum mörkum sbr. 4. gr., telst sá tími er fer í siglingar með afla út og til heimahafnar aftur, ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

#### 4. gr.

Á þeim tíma, sem togskip láta af þorskveiðum samkvæmt 1.—2. gr. má hlutur þorsks í heildarafla hværrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskur má þó nema allt að 25% af heildarafla einstakra veiðiferða, enda fari samanlagður dagafjöldi, sem þær veiðiferðir taka, ekki yfir 40 daga.

Fari þorskafli yfir leyfileg viðmiðunarmörk samkvæmt 1. mgr. verður það, sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

#### 5. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru bannaðar samkvæmt 1.—2. gr., og hlutur þorsks í aflanum reynist hærra en leyfilegt er samkvæmt 4. gr., skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur, sbr. 4. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru óheimilar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils, hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

#### 6. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

## 7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. desember 1980.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

Jón B. Jónasson.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 56 19. maí 1961 um tollvöruheymslur.**

## 1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tollyfirvald ákveður eftir að hafa leitað álits geymsluhafa, hve marga tollgæslumenn sé nauðsynlegt að hafa í tollvöruheymslu til að tryggja fullkomið eftirlit. Tollyfirvald ákveður einnig starfstíma þeirra þar og af hvaða starfsgráðu tollgæslumenn skuli vera.

Geymsluhafa ber að greiða ríkissjóði gjald fyrir vinnu og veru tollgæslumanna í tollvöruheymslunni þann tíma sem hún er opin til afgreiðslu dagléga svo og fyrir þá aukavinnu sem hann óskar eftir að unnin sé utan afgreiðslutíma eða nauðsynlegt er að framkvæmd sé utan afgreiðslutíma að dómi tollyfirvalds.

Gjald skv. 2. mgr. skal miða við tímakaup tollgæslumanns eins og það er á hverjum tíma að viðbættum launabengdum gjöldum.

Gjaldið reiknast fyrir hverja byrjaða klukkustund. Í tollvöruheymslum þar sem tollgæslumanns er þörf að staðaldri skal tollyfirvaldi heimilt eftir að hafa leitað álits geymsluhafa að ákveða eftirlitsgjald sem fasta mánaðargreiðslu.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 24. og 26. gr. laga nr. 47 11. júní 1960 um tollvöruheymslur o. fl. öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 194 10. júní 1968 um gjald fyrir tolleftirlit í tollvöruheymslum.

*Fjármálaráðuneytið, 15. desember 1980.*

**Ragnar Arnalds.**

Sigurgeir A. Jónsson.